

### 3. Fundur Kjaranefndar LEB haldinn í Ármúla 6, 8.4.2021 kl. 11:30-12:15.

Mætt: Drífa Sigfúsdóttir, Haukur Halldórsson, Jón Ragnar Björnsson, Sigurbjörg Gísladóttir, Sigurður Björgvinsson og Þorbjörn Guðmundsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Störf aðgerðahóps.

Þorbjörn greindi frá því að nú standa yfir fundir aðgerðahópsins með öllum stjórnarálflokkunum. Á fundunum kynni aðgerðahópurinn stefnu sem samþykkt var á formannafundi LEB 13.3.2021 „Eldra fólk vill hafa áhrif á eigið líf. Áhersluatriði eldra fólks í komandi Alþingiskosningum“. Til stendur að hitta flokkana aftur þegar nær dregur kosningum.

Nefndarmenn voru á einu máli um að mikilvægt væri að gerðar verði kröfur á landsfundinum og þeim komið áberandi á framfæri. Því var samþykkt einróma að leggja til við stjórn LEB að skjal aðgerðahópsins „Áhersluatriði eldra fólks í komandi Alþingiskosningum“ verði baráttumál eldri borgara.

Þá var samþykkt að breyta mætti textanum í upphafi skjalsins þar sem stendur „Frítækjumark vegna lífeyris“ verði „Almennt frítækjumark verði 100.000 kr.....“

2. Staða starfshóps í félagsmálaráðuneytinu.

Haukur sagði frá starfinu sem fer fram í þrem hópum. Lagt var fram plagg á síðasta fundi. Þar er ekkert um kjaramál.

3. Önnur mál.

Kynnt var „Miðlun „áhersluatriða“ í málefnum eldri borgara“ sem eru hugmyndir frá stjórn FEBRANG. (sjá fylgiskjal).

Samþykkt var að beina því til stjórnar LEB hvort ekki sé rétt að taka mið af hugmyndum FEBRANG þegar kemur að því að miðla áhersluatriðunum fimm.

## Fylgiskjal

# Miðlun „áhersluatriða“ í málefnum eldri borgara

### Áhersluatriði eldra fólks í komandi Alþingiskosningum

Stefna í fimm málaflokkum eldri borgara var einróma samþykkt á formannafundi LEB 13.3.2021. Plaggið verði notað til að miðla okkar boðskap sem víðast.

### Miðlunarleiðir

Hvernig er hægt að koma skilaboðum á framfæri við frambjóðendur og stjórn málaflokkana fyrir komandi kosningar?

#### 1. Frá LEB til grasrótarinnar

1. Dreifa stefnuplagginu út til aðildarfélaganna sem komi þeim á framfæri við félagasína ( A4 blað með stefnunni auk blaðs með nánari útlitun fyrir félagann sem er reiðubúinn að tala fyrir stefnunni).
2. Félagar mæti á framboðsfundi, flokksráðsfundi og aðra stjórn málafundi, tali fyrir stefnunni og afhendi frambjóðendum (þarf ekki að binda sig við „eigin“ flokk).
3. Félögin haldi almenna fundi og bjóði frambjóðendum kjördæmisins að mæta til að kynna sín stefnumál og félögin kynna þeim stefnu okkar.
4. Félög/félagar kynni sveitarstjórnarmönnum stefnuna með ósk um að þeir tali fyrir málinu í flokksapparötum sínum (Margir sveitarstjórnarmenn hafa bein tengsl við stjórn málaflokkana).
5. Félögin hvött til að skrifa greinar um málið í staðbundin blöð (má vera dálítið staðlað frá LEB).
6. Hvetja eldri borgara sem ekki eru með í félagsskap okkar til að vera með til að styrkja hópinn.
7. Leggja ríka áherslu á að við tölum einum rómi, út frá stefnunni.

#### 2. Beint frá LEB

1. LEB skipuleggi greinaskrif um stefnuna, auglýsi, sendi stjórn málaflokkunum efni og komi fram í fjölmiðlum eftir atvikum.
2. LEB fylgist vel með skrifum um málefni eldri borgara og leiðrétti rangfærslur hratt og örugglega.
3. LEB verði í góðu samtali við verkalyðsforystuna (ASÍ, BSRB, BHM og e.t.v stærstu verkalyðsfélögin, VR og Eflingu).

Hellu 6.4.2021  
Stjórn FEBRANG